

Föstudaginn 29. apríl 1938.

Nr. 25/1938. **Sigurjón Narfason**

gegn

**Mjólkurfélagi Reykjavíkur, Birni
Hanssyni og Bessa Gíslasyni.**

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Sigurjón Narfason, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Miðvikudaginn 4. maí 1938.

Nr. 16/1938. **Valdstjórnin** (Garðar Þorsteinsson)

gegn

Jóni Ragnari Jónassyni

(Lárus Jóhannesson).

Áfengislagabrot.

Dómur hæstaréttar.

Með því að fallast má á forsendur og niðurstöðu hins áfrýjaða dóms, þykir mega staðfesta hann, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt þessum málalokum verður að dæma kærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 80 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður, þó svo að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Jón Ragnar Jónasson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar á meðal málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Garðars Þorsteinssonar og Lárusar Jóhannessonar, 80 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 18. jan. 1938.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Jóni Ragnari Jónassyni skipasmið, til heimilis á Sellandsstíg 32 hér í bænum, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935.

Kærður er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefir sætt eftirtöldum refsingum:

- 1923 $1\frac{1}{2}\%$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 8 daga fangelsi við vatn og brauð, skilorðsbundið, fyrir brot gegn 230. gr. sbr. 55. gr. hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869.
- 1933 2% Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 600 kr. sekt fyrir ólöglega áfengissölu. Staðfest í hæstarétti $\frac{1}{10}$ 1933.
- 1936 $1\frac{1}{2}\%$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 3000 kr. sekt og 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir ólöglega áfengissölu. Staðfest í hæstarétti $\frac{1}{11}$ 1936.

Nokkru eftir að kærður var síðast dæmdur fyrir áfengissölu, fór að heyrast allsterkur orðrómur um, að hann héldi áfram áfengissölu á heimili sínu, og enn fremur vissi lögreglan um, að hann keypti óeðlilega mikið áfengi í sölu-

búð Áfengisverzlunar ríkisins hér í bænum. Varð þetta til þess, að lögreglan athugaði nótubækur vínbúðarinnar, sem þó einungis fjalla um áfengi, sem sent hefir verið heim til kaupenda, og leiddi sú athugun í ljós, að kærður hefir á tímabilinu frá 3. febrúar til 30 ágúst 1937 fengið heimsendar 1863 flöskur af áfengi fyrir samtals krónur 17696.50. Að visu var á sumum nótunum ekki fullt nafn eða heimilisfangs kærðs, en engum vafa þótti þó bundið, að um hann væri að ræða, en þó einhverju kunni að skeika um hið heimsenda áfengi samkvæmt nótubókunum af þessari ástæðu, skiptir það ekki neinu meginmáli um hin óeðlilegu áfengiskaup kærðs.

Bæði sölustjóri vínbúðarinnar, innanbúðarstarfsmenn þar og sendisveinn, er flutti heimsenda áfengið til kaupendanna, hafa verið leiddir sem vitni í máli þessu, og eru framburðir þeirra á þá leið, að kærður hafi keypt mikið áfengi í búðinni, en annars vísa þeir til nótubókanna sem sönnunargagns um áfengiskaupin. Sendisveinninn hefir borið það og staðfest með eiði, að frá vorinu 1936 til síðastliðinnar septemberbyrjunar hafi hann allt af öðru hvoru flutt áfengissendingar úr vínbúðinni og heim til kærðs. Kveðst hann oft hafa farið annanhvern dag, stundum hafi liðið nokkrir dagar á milli, en stundum hafi hann farið með sendingar á hverjum degi. Segir hann, að sendingarnar hafi verið mismunandi stórar, frá 5 til 20 flöskur í einu og stundum meira, sérstaklega um helgar. Sendingarnar afhenti hann inni í íbúð kærðs, ýmist honum sjálfum, konu hans eða annari konu í íbúðinni. Kona kærðs neitar að vita um áfengiskaup þessi og áfengissendingar, nema að stöku sinnum hafi verið send ein og ein flaska til nota á heimilinu. Kærður neitar að hafa keypt áfengi það, er í nótubókunum greinir, en segist hafa keypt áfengi fyrir farþega sína í bifreið, er hann ók um skeið, og ennfremur hafi menn fengið að panta áfengi í símann heima hjá sér, en þegar hann var að því spurður, hvaða menn það hafi verið, neitaði hann að nafngreina þá. Samkvæmt því, sem að framan greinir, þykja þessi andmæli kærðs og konu hans ekki geta staðizt, og verður það því talið sannað, að um mjög óeðlilega mikil áfengiskaup kærðs í vínbúðinni hafi verið að ræða. Er fráleitt, að kærður eftir öllum hag hans að dæma hafi notað neitt nándar nærri það áfengismagn til eigin

afnota. Gefa því áfengis kaup þessi í sambandi við fyrri áfengissöluferil kærðs mjög sterkar líkur fyrir því, að hann hafi á þeim tíma, er að framan greinir, stundað áfengissölu. Liggja og fyrir í málinu framburðir tveggja vitna um áfengissölu kærðs síðan hann síðast var dæmdur, og framburður eins vitnis, er bendir í sömu átt. Vitnið Jón Ragnars, kaupmaður á Siglufirði, hefir borið, að í fyrra sumar, nánar tiltekið í júní eða júlí, hafi hann þrisvar til fjórum sinnum keypt whisky af kærðum uppi á lofti í húsi hans, Sellandsstíg 32, fyrir kr. 19.00 eða 19.50 flöskuna, sem seldar voru úr áfengisverzluninni á kr. 15.50. Kveðst hann þannig hafa keypt 3—4 flöskur eftir 16. maí 1936. Fyrir þann tíma kveðst hann oft hafa keypt áfengi af kærðum, og muni kaup þessi hafa numið 1500—2000 krónum á árunum 1933—1936.

Þennan framburð hefir vitnið staðfest með eiði.

Vitnið Björn Helgi Kristjánsson bifreiðarstjóri hér í bæ, hefir borið, að hann hafi í fáein skipti á árinu 1937 keypt áfengi á Sellandsstíg 32 fyrir farþega sína, og hafa þeir lagt til peningana fyrir áfengið. Áfengi þetta kveður hann kærðan og konu hans ýmist hafa afhent, og var flaskan seld með 2—3 króna álagningu frá útsöluverði áfengisverzlunarinnar. Vitnið man ekki að greina frá einstökum atvikum í þessu sambandi og hefir ekki tilgreint neinn mann, er hann hefir keypt fyrir, enda kveðst hann mjög oft ekki þekkja þá menn, er hann ekur. Enginn þriðji maður hefir verið viðstaddur þessi áfengis kaup. Þennan framburð hefir vitnið staðfest með eiði sínum.

Vitnið Júlíus Bernburg bifreiðarstjóri hefir borið, að hann hafi nokkrum sinnum ekið mönnum að Sellandsstíg 32 til kærðs, og hafi þeir sagzt ætla að kaupa áfengi af kærðum og hafi þeir komið með áfengisflösku út í bifreiðina, er þeir hafi aftur komið út frá kærðum. Kveður vitnið þetta hafa farið minnkandi upp á síðkastið, og man hann síðast eftir því, að hann ók manni í þessum erindagerðum til kærðs í janúarmánuði síðastliðnum. Tók hann mann þennan, sem hann ekki þekkir með nafni, á Hótel Borg að afloknum dansleik og ók honum að Sellandsstíg 32. Þar fór maðurinn inn til kærðs og kom aftur með áfengisflösku, er hann tók upp í bifreiðinni.

Að þessum framburði sínum vann vitnið eið. Rétt eftir að eiðfestingin var um garð gengin kom vitnið fyrir rétt-

inn og kveður það rangt í fyrri framburði sínum, að atvikið hefði gerzt í janúar 1937, heldur hefði það verið í janúar 1936, og óskaði að leiðrétta framburðinn í samræmi við þetta. Nokkru síðar kom vitnið aftur á fund dómarsins og óskaði þess að verða tekið fyrir rétt út af vitnisburði sínum, og var það gert. Kveður vitnið þá sinn fyrsta eiðsvarna framburð vera réttan í öllum greinum, og atvikið hafa gerzt í janúar 1937, en sönnunargildi vitnisburðarins verður talið rýrast við framangreindar breytingar vitnisins.

Kærður hefir undir allri rannsókn málsins neitað að hafa selt áfengi eftir að hann var síðast dæmdur og hefir því mótmælt framburðum vitnanna sem röngum.

Með hinum óeðlilega miklu áfengis kaupum kærðs og framangreindum vitnaframburðum og með tilliti til þess, að kærður hefir tvisvar verið dæmdur fyrir ólöglega áfengissölu, þykja vera fram komnar nægilegar sannanir fyrir því, að kærður hafi gerzt sekur um áfengissölu í verulegum stíl, að minnsta kosti á því tímabili, er framannefndar nótbækur ná yfir. Ber að heimfæra brot hans undir 15. gr. áfengislaga nr. 33 9. janúar 1935, og þykir refsing hans samkvæmt 33. gr. 1. og 2. mgr. sömu laga hæfilega ákveðin 45 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 3500 króna sekt til menningarsjóðs, er afplánist með einföldu fangelsi í 90 daga, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Þá greiði kærður allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrm. Lárusar Jóhannessonar, er ákveðast kr. 75.00.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Þvi dæmist rétt vera:

Kærður, Jón Ragnar Jónasson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 45 daga og greiði 3500 króna sekt til menningarsjóðs, og afplánist sektin með einföldu fangelsi í 90 daga, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrm. Lárusar Jóhannessonar, kr. 75.00. Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.